

## 9. gr.

Vextir af innstæðufé sjóðsins, svo og allar aðrar tekjur, er honum kunna að berast, skulu leggjast við höfuðstól, þar til ársvextir sjóðsins nema 400 — fjögur hundruð — krónum, en úr því má árlega úthluta  $\frac{3}{4}$  vaxtanna samkvæmt þessari skipulagsskrá, en  $\frac{1}{4}$  vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól.

8

2. jan.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 10. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Kinnunga. En hætti hann störfum skal fé þessa minningarsjóðs ávaxtað í Söfnunarsjóði Íslands, eða í annari tryggri peningastofnun.

## 11. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef til þess er álitin brýn nauðsyn. Þó skal aldrei breyta 1. gr. skipulagsskrárinnar og þess gætt, að öllu leyti, að sjóðurinn starfi sem nánast í samræmi við sinn upphaflega tilgang.

## 12. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ljósavatnshreppi, 18. desember 1939.

Kara Arngrímsdóttir.

Klara Guðlaugsdóttir.

Baldvin Baldvinsson.

## REGLUGERÐ

### um hundahald í Vestmannaeyjum.

9

10. jan.

## 1. gr.

Í Vestmannaeyjum má enginn hafa hund nema að hann hafi til þess leyfi bæjarstjórnar. Bæjarstjórn veitir leyfi því aðeins að umsækjandi hafi meðmæli lög-  
reglustjóra og sanni að um þarfahund sé að ræða.

## 2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100—1000 kr. og er hver hundur réttdræpur, sem fyrirfinnst í lögsagnarumdæminu, ef ekki er fengin heimild fyrir honum.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8 4. júní 1924 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1940.

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*